

Þriðjudaginn 5. febrúar 1974.

Nr. 20/1973: Sveitarsjóður Mosfellshrepps

(Ingi Ingimundarson hrl.)

gegn

Hjálmar Helgasyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds og Halldór Þorbjörnsson yfirsakadómari.

Byggingarsamþykkt. Brottlutningur húss. Skaðabætur.

### Dómur Hæstarétta.

Afrýjandi skaut máli þessu til Hæstarétta með stefnu 25. janúar 1973, að fengnu afrýjunarleyfi 15. janúar 1973. Krefst hann aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda, en til vara lækkunar á kröfum hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en afrýjanda var veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 12. mars 1973.

Stefndi krefst staðfestingar hins afrýjanda dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málinu hefur ekki verið afrýjað af hálfu fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fram í Hæstarétti, m. a. afsal til stefnda fyrir landspildu úr Hraðastaðalandi, dagsett 10. júní 1965. Ber afsalið með sér, að það hefur verið sýnt sveitarstjóra Mosfellshrepps og því síðan þinglýst athugasemdalaust 21. júní 1965.

Með auglýsingu nr. 120/1960 var ákveðið, að lög nr. 55/1921 skyldu taka til byggingarlóða í Mosfellssveit. Samkvæmt því gilda nú um þetta efni skipulagslög nr. 19/1964, er námu áður nefnd lög úr gildi. Byggingarsamþykkt fyrir Mosfellshrepp nr. 125/1960 var ekki felld úr gildi með byggingarsamþykkt Kjósarsýslu nr. 218/1961, sbr. 1. gr. hennar, svo og 1. gr. laga nr. 108/1945. Í nefndri byggingarsamþykkt hrepps-

ins, sem gildi á árinu 1967, segir, að ekki megi reisa hús eða önnur mannvirki innan hreppsins, nema samþykki byggingarnefndar og sveitarstjórnar komi til.

Eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, flutti stefndi skúr þann, sem í málinu greinir, á landspildu sína hinn 10. maí 1967 án þess að afla leyfis byggingarnefndar og sveitarstjórnar. Skúr þessi verður með hliðsjón af stærð, gerð og verðmæti að teljast þess konar bygging, að 6. gr. skipulagslaga og 4. gr. 1 a byggingarsamþykktar hreppsins taki til hans, þótt ekki væri búið að festa hann á grunn. Var flutningur skúrsins inn á land stefnda brot á framangreindum ákvæðum. Þegar stefndi sinni ekki ítrekuðum áskorunum um að fjarlægja skúrinn, bar byggingarnefnd og sveitarstjórn samkvæmt 6. gr. skipulagslaga og 38. gr. byggingarsamþykktar, sbr. auglýsingu nr. 97/1948, að krefjast dómsúrskurðar um niðurrif eða brotnám skúrsins. Þetta var eigi gert, heldur fól sveitarstjóri byggingarfulltrúa að flytja skúrinn brott af landinu. Var hann fluttur á öskuhauga hreppsins. Í þeim flutningum brotnaði hann og eyðilagðist skömmu síðar af eldi af ástæðum, sem ekki eru kunnar. Verður að fallast á þá niðurstöðu héraðsdóms, að flutningur þessi án undangengis dómsúrskurðar hafi verið andstæður lögum, enda verður ekki séð, að brýnir almenningshagsmunir hafi valdið því, að brottflutningur væri knýjandi.

Svo sem til tókst um flutning skúrs þess, sem í málinu greinir og að framan er lýst, þykir sveitarsjóður Mosfellshrepps bera bótaábyrgð gagnvart stefnda vegna þess, að skúrinn eyðilagðist. Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til, að því er varðar áfrýjanda. Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, að því er varðar áfrýjanda, sveitarsjóð Mosfellshrepps.

Afrýjandi greiði stefnda, Hjálmari Helgasyni, kr. 18.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður afrýjanda, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Inga Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 18.000.00, greiðist úr ríkissjóði.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

## **Dómur aukadómþings Gullbringu- og Kjósarsýslu 29. júní 1972.**

### **I.**

Mál þetta, sem dómtekið var þann 10. júní s.l., hefur Hjálmar Helgason, Hofsvallagötu 17, Reykjavík, höfðað fyrir aukadómþinginu með stefnu, birtri 28. október 1971 og 2. nóvember 1971, á hendur Hrólfi Ingólfssyni sveitarstjóra f. h. sveitarsjóðs Mosfellshrepps, Hlégarði, og Halldóri E. Sigurðssyni fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, Arnarhvoli, Reykjavík, til greiðslu in solidum á skaðabótum að fjárhæð kr. 32.065.00 ásamt 8% ársvöxtum frá 25. júlí 1967 til greiðsludags og málskostnaði samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi vaxtakröfu sinni á þann veg, að hann krafðist 7% ársvaxta af höfuðstól stefnukröfunnar frá 4. nóvember 1967 til greiðsludags.

Af hálfu stefnda Mosfellshrepps hefur verið sótt þing, og voru þær kröfur endanlega gerðar, að hreppurinn yrði sýknaður og honum dæmdur málskostnaður að mati dómara. Til vara var þess krafist, að stefnukrafan yrði verulega lækkuð og ekki dæmd hærri en kr. 10.000.00. Þá var vaxtakröfu mótmælt sérstaklega og því haldið fram, að ekki mætti dæma vexti frá fyrri tíma en stefnudegi, þar sem innheimtubréf hafi ekki verið sent.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs hefur verið sótt þing og þær kröfur gerðar, að ríkissjóður verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sátt var reynd í málinu, en án árangurs.

### **II.**

Málavextir eru þeir, að á árinu 1967 keypti stefnandi af Sveinbirni Sigurðssyni, Safamýri 73, Reykjavík, vinnuskúr, sem sam-

kvæmt staðfestri lýsingu Sveinbjarnar, dags. 19. desember 1968, var þannig:

„Stæð: 4 m x 6 m x 2.50. Gólf- og loftbitar úr 2" x 6". Grind úr 2" x 4". Loft og veggir klætt með 1" x 6" að utan. Veggir pappaklæddir að utan og þak járnklætt. Veggir klæddir með trétexi að innan. Veggir, loft og gólf einangrað með steinull“.

Milligöngu um sölu skúrs þessa til stefnanda hafði Guðmundur Marínó Ingjaldsson. Skúrin stóð á lóð Hrafnistu í Reykjavík, er hann var keyptur. Skúr þennan flutti stefnandi hinn 10. maí 1967 á eignarland sitt Krossanes úr landi Hraðastaða í Mosfellsveit.

Þann 17. maí 1967 sendi Skæringur Hauksson, lögregluþjónn í Mosfellshreppi, skýrslu til hreppsnefndar Mosfellshrepps. Segir í skýrslunni m. a.: „Í dag fór ég undirritaður ásamt Hreini Þorvaldsyni, byggingarfulltrúa Mosfellshrepps, að landskika úr landi Hraðastaða, Mosfellssveit.

Á nefndum landskika, sem er norðan þjóðvegarins og liggur vestur að heimreið að Laxnesi, eru tveir skúrar. Annar skúrin var fluttur þangað í síðustu viku, og er hann að stærðinni, lengd 5.45 m, breidd 4.25 m og meðalhæð 3 m. Skúrin er mjög óásjálegur, rifinn tjörupappi utan á honum og gluggalaus.

Enn fremur er skúrin staðsettur með 1.30 m frá hitaveituröri. Eigandi að þessum skúr er Hjálmar Helgason . . .

Í gærkvöldi hafði ég símasamband við Hjálmar, og kvaðst hann vita um kvaðir þær, er á öllum löndum þarna eru, um að ekki megi reisa né staðsetja neins konar byggingar né skúra nema að fengnu leyfi byggingarnefndar og að svæðið sé skipulagt.

Hjálmar kveðst hafa keypt umræddan landskika fyrir um það bil þremur árum og á þeim tíma án árangurs reynt að fá leyfi til að setja niður skúr á svæðinu.

Kvaðst Hjálmar ætla að gera landskikann að garðlöndum og ætti umræddur skúr að vera vinnuskúr. Hálmar kvaðst ekki flytja skúrin burt af frjálsum vilja.“

Í skýrslu þessari kemur einnig fram, að á öðrum stað neðar á landskikanum var annar skúr. Skúr þennan átti félagi Hjálmars og meðeigandi landsins, Guðmundur Bergsson, Langholtsvegi 148, Reykjavík. Segir, að Matthías Sveinsson, þáverandi sveitarstjóri, og Pétur Hjálmsson búnaðarráðunautur hafi líka farið á staðinn til að skoða umrædda skúra og að Pétur hafi tekið ljósmyndir af þeim. Ljósmyndir þessar hafa verið lagðar fram.

Af útskrift úr fundargerð hreppsnefndar Mosfellshrepps frá

fundi hennar 17. maí 1967 má ráða, að skýrsla sú, sem áður er rakin, frá lögregluþjónum Skæringi Haukssyni hefur verið lögð fram. Segir í útskriftinni, að sveitarstjóra sé falið að sjá um, að skúrarnir verði fjarlægðir og að hafa samband við sýslumann um málið.

Þann 22. maí 1967 skrifar Skæringur Hauksson lögregluþjónn stefnanda bréf og segir í bréfinu: „Þar sem þér eruð talinn eigandi að skúr í landi Hraðastað, Mosfellshreppi, Kjósarsýslu, á land-skika norðan þjóðveggar vestan heimreiðar að Laxnesi, Mosfellshreppi, er yður hér með gefinn 10 daga frestur til að fjarlægja skúrinn burt úr Mosfellshreppi, þar sem ekkert leyfi hefur verið gefið til byggingar á landinu.

Flutningur og staðsetning skúrsins er brot á 4. kafla, 26. gr., lögreglusamþykktar Kjósarsýslu og 11. kafla, 4. gr., byggingarsamþykktar Mosfellshrepps.

Að 10 dögum liðnum frá dagsetningu bréfs þessa verður skúrinn fjarlægður á yðar kostnað og ábyrgð, verði þér eigi búinn að fjarlægja hann sjálfur.“

Þann 1. júní 1967 skrifar Þorvaldur Þórarinnsson hæstaréttarlögmaður bréf fyrir stefnanda til hreppsnefndar Mosfellshrepps. Í bréfinu er þess farið á leit, að stefnanda verði heimilað að setja niður umræddan vinnuskúr á landi stefnanda, Krossanesi. Sagt er, að stefnandi muni hafa fullt samráð við hreppsnefndina um stað skúrsins og staðsetningu á landinu.

Þessu bréfi svaraði þáverandi sveitarstjóri Mosfellshrepps, Mattías Sveinsson, með bréfi 29. júní 1967. Segir í upphafi, að hreppsnefnd Mosfellshrepps hafi tekið bréfið fyrir. Segir síðan í bréfinu: „Á það skal bent, að umræddur skúr hefur nú þegar verið staðsettur á umrætt land, án þess að beðið væri um leyfi fyrir því. Í öðru lagi liggur land þetta fast meðfram Þingvallavegi, sem er mjög fjölfarin þjóðbraut, og telur hreppsnefndin ekki mögulegt, að skúrar sem þessi séu staðsettir þar svo nálægt, að þeir blasi við vegfarendum og einnig þeim, sem búsettir eru þarna í nágrenni. Í þriðja lagi skal það fram tekið, að þótt enn hafi ekki verið ákveðin lega nýja vegarins til Þingvalla um Mosfellsdalinn, bendir margt til þess, að hann jafnvel komi yfir þetta land Hjálmars, þó það sé alls ekki á þessu stigi fullrytt, en ef til þess kæmi, vill hreppsnefndin ekki vera ábyrg gagnvart byggingum, sem síðan verður að fjarlægja vegna væntanlegs skipulags.

Með hliðsjón af því, er að framan greinir, var erindi yðar synjað, og er Hjálmoni gefinn frestur til 8. júlí 1967 til að fjarlægja

skúrinn burt úr Mosfellshreppi. Að þeim tíma liðnum verður skúrinn fjarlægður á kostnað hans og ábyrgð, verði eigi búið að framkvæma brottflutninginn“.

Stefnandi flutti ekki skúrinn brott, og þann 25. júlí 1967 var hann fjarlægður að fyrirlagi byggingarfulltrúa Mosfellshrepps. Segir í skýrslu Skærings Haukssonar lögregluþjóns, dags. þann dags, að hann hafi aðstoðað byggingarfulltrúa Mosfellshrepps við flutning á „óleyfis skúrum“ í Krossanesi í landi Hraðastaða, Mosfellssveit. Segir jafnframt í skýrslunni, að skúrarnir hafi verið fluttir á öskuhauga hreppsins. Síðan er tekið fram, að báðir skúrarnir hafi verið mjög lélega byggðir og hafi t. d. annar skúrinn hrundi í spón, um leið og hreyft var við honum.

Skýrsla þessi var send lögreglustjóra Gullbringu- og Kjósarsýslu og afrit hennar afhent sveitarstjóra Mosfellshrepps. Enginn úrskurður héraðsdómara lá til grundvallar brottflutningi skúranna.

Eins og getið var, brotnaði skúr stefnanda í flutningunum, og eftir að hann hafði verið fluttur á öskuhauga hreppsins, brann hann þar til ösku.

Stefnanda var ekki kunnugt um flutning þennan, og með bréfi, dags. 28. júlí 1967, kærði hann flutning skúrs síns til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, þar sem hann m. a. mótmælti umræddum brottflutningi.

### III.

Stefnandi málsins, Hjálmar Kristinn Helgason, hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa keypt umræddan skúr á kr. 25.000.00. Kvaðst hann hafa greitt kr. 10.000.00 nú þegar, en skuldi Sveinbirni eftirstöðvagnar. Eigi hafi verið gerður skriflegur samningur um kaupin. Hann sagði, að um það hefði verið samið á milli þeirra Sveinbjarnar að sjá til, hvernig færi með þetta mál og að hann byggist við því, að Sveinbjörn gæfi afganginn eftir, ef hann tapaði málinu. Hann kveðst ekki hafa sótt um leyfi til Mosfellshrepps fyrir skúrnum, áður en hann flutti skúrinn upp eftir. Hálfum mánuði eða mánuði eftir að hann flutti skúrinn upp eftir, hafi verið auglýst í blöðunum, að ekki mætti flytja eða reisa slíka skúra uppi í Mosfellssveit.

Lesið var fyrir honum úr skýrslu Skærings Haukssonar lögregluþjóns frá 17. maí 1967 um þetta atriði. Segir hann, að hann hafi vitað, að ekki mætti reisa neinar varanlegar byggingar á svæðinu, en ekki, að óheimilt væri að reisa slíka skúra. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað, að svæðið væri skipulagt. Eftir að skúrinn hafði

verið fjarlægður, kveðst stefnandi hafa reynt að fá leyfi til að reisa einhvers konar skúr á svæðinu, en það hafi ekki tekist. Stefnandi lýsti því, að hann hefði hvorki verið búinn að festa né staðsetja skúrinn, þegar hann var fluttur á brott. Aðeins hafi veriðúið að draga hann niður eftir túninu, frá því er hann kom af bílnum.

Þá hefur komið fyrir dóminn Skæringur Bjarnar Hauksson lögregluþjónn. Hann kvað áður nefndar lögregluskýrslur réttar. Sagðist hann hafa farið til fundar við sýslumann, Einar Ingimundarson, fyrri hluta vetrar 1967 ásamt Matthíasi Sveinssyni sveitarstjóra. Matthías hafi beðið sig að koma með sér til sýslumanns og hafi hann sagst ætla að biðja sýslumanns að skrifa þeim aðiljum bréf, sem flutt hefðu skúra óleyfilega eða reist í Mosfellshreppi. Í þeim viðræðum hafi sýslumaðurinn gefið vitninu heimild til að skrifa slík bréf. Hann sagði, að bréf þessi hefðu verið skrifuð í samráði við sveitarstjóra og byggingarfulltrúa og til þeirra, sem vitað var, að reist höfðu skúra í óleyfi. Hann sagði, að í viðtalinu við sýslumann hefði ekki verið farið nánar út í það, hvernig ætti að fjarlægja skúrana, ef hlutaðeigendur létu ekki skipast við bréfinu, og ekki, hvar ætti að geyma þá. Hann kvaðst ekki minnst þess, að hann hefði sérstaklega haft samband við skrifstofu sýslumanns eða sýslumann sjálfan varðandi skúr Hjálmars Helgasonar öðru vísi en fram komi í skýrslu, að flutningurinn hafi verið tilkynntur strax. Hann kvaðst hafa litið á þennan skúr sem drasl. Hann sagði, að vanir menn hefðu verið fengnir til flutningsins. Hann sagði, að þegar skúrinn hafi verið hífður í flutningavagn og honum slakað niður, þá hafi hann hrunið saman. Hann sagði, að sorphaugar Mosfellssveitar, sem nú séu aflagðir, hafi verið vestan Varmárskóla og hafi jarðvegi verið ýtt yfir rusl á haugunum með jöfnu millibili. Skúrflakið hafi verið sett til hliðar við haugana, til þess að ekki yrði ýtt yfir það. Hann sagði, að yfirleitt hefði ekki verið kveikt í haugunum, enda bannað. Það hafi komið fyrir, að kveikt hafi verið í og það hafi þá verið einhver tilfallandi. Ekkert eftirlit hafi verið á haugunum. Hann kvaðst ekki þora alveg að fara með það, hvort það var sama kvöld, sem skúrinn var fluttur, eða daginn eftir, sem eldur kom upp í honum, Hann kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir verði skúrs þessa, en kvaðst telja hann verðlausan. Skæringur kvaðst hafa verið ráðinn af Mosfellshreppi og séð um lögreglustörf þar og í Kjalarnes- og Kjósarhreppi. Hann sagði, að ekki hefði legið fyrir skrifleg

kæra, þá er hann skrifaði skýrsluna til hreppsnefndar Mosfells-hrepps.

Sveinbjörn Sigurðsson hefur komið fyrir dóminn og gefið skýrslu. Hann kvaðst ekki muna, á hvað hann seldi Hjálmari. Hann sagði, að Hjálmar hefði verið búinn að greiða sér kr. 5.000 til kr. 10.000.00 og síðan hafi hann greitt sér rétt fyrir réttarhaldið kr. 5.000.00 (sem var tveimur dögum eftir skýrslu Hjálmars). Hann kvaðst álíta, að Hjálmar teldi skúrinn að fullu greiddan. Hann kvaðst ekki reikna með því að innheimta meira hjá Hjálmari fyrir skúrinn. Hann kvaðst hafa gefið lýsingu þá, sem fram hefur verið lögð í málinu, samkvæmt beiðni Marínós Ingjaldssonar, verkstjóra í Hrafnistu, en Marínó hafi á sínum tíma beðið um þennan skúr fyrir Hjálmar.

Hreinn Þorvaldsson, verkstjóri og byggingarfulltrúi Mosfells-hrepps, hefur komið fyrir dóminn. Hann kvaðst hafa séð um að flytja skúrinn í burtu af landinu samkvæmt fyrirskipun sveitarstjórnar Mosfellshrepps og fengið Skæring Hauksson með sér til þess. Hann kvaðst álíta, að hann hafi sjálfur komið þeim ábendingum til sveitarstjóra, að þarna væri skúr í óleyfi, en það sé venja, að hann sjái um það. Venjan sé sú, að hann tilkynni fyrst sveitarstjóra það, þegar skúrar kæmu svona upp í óleyfi, og sveitarstjóri eða hann eða þeir í sameiningu komi sér svo saman um að kæra til lögreglunnar. Hann sagði, að ekki hefðu aðrir skúrar en þeir tveir, sem í málinu greinir, verið fluttir í burtu á sama hátt, meðan hann hefði verið byggingarfulltrúi, en það hafi verið frá árinu 1965. Hann sagði, að í sínum huga hefði skúrinn verið ákaflega ljótur og eins og hvers konar rusl, sem fyrirfinnist á víðavangi. Hann sagði, að stefnandi hefði átt tal við sig á vinnustað stefnanda og spurst fyrir um það, hvort leyfi þyrfti til þess að reisa garðskúr í Mosfellssveit. Hann kvaðst hafa svarað því til, að það þyrfti að senda inn umsókn til sveitarstjórnar ásamt teikningum. Hann kvaðst ekki muna, hvort þetta var fyrir eða eftir, að stefnandi flutti skúrinn á svæðið. Hann sagði, að þeir hafi haft vörubifreið hreppsins til flutninganna. Tækið til lyftinga hafi ekki getað lyft skúrnum öllum upp í einu. Þeir hafi því lyft öðrum endanum fyrst og vörubifreiðinni hafi síðan verið bakkað undir skúrinn. Við það hafi gólfið í skúrnum gengið upp og hann brotnað eða þá hafi hann brotnað, þegar hann var kominn alveg upp á. Hann kvaðst ekki muna það glögggt. Hann sagði, að þeir hefðu flutt skúrinn á öskuhaugana og sett hann niður til hliðar



við þá. Næstu nótt eða daginn eftir hafi kviknað í skúrnum af ókunnum orsökum.

Komið hefur fyrir dóminn Ingi Pétur Hjálmsson héraðsráðunautur. Hann kvaðst á þessum tíma hafa starfað nokkuð fyrir Mosfellshrepp að skipulagsmálum. Hann kvaðst um nokkurra ára skeið hafa starfað sem byggingarfulltrúi Búnaðarbankans í Gullbringu- og Kjósarsýslu til þess að dæma um ástand og gerð húsa, sem bændur byggja. Hann kvaðst hafa talið umdeildan skúr algerlega ónýtan. Veggir hefðu verið úr furu, gólfið hefði verið þéttlagt en lélegt. Hann hafi verið að utan klæddur með tjörupappa, sem hafi verið illa farinn, bárujárn hafi verið á þakinu, en ef til vill hafi mátt nýta bárujárnið. Hann taldi, að annað hafi verið illnýt-anlegt. Hann kvaðst ekki muna, hvort skúrinn hafi verið klæddur að innan. Annað, sem hann hefði sagt, hefði rifjast upp fyrir sér við að skoða ljósmyndirnar. Aðspurður kvaðst hann ekki muna, hvort skúrinn hafi verið fúinn, en hann hafi verið veðraður og illa farinn.

Þá hefur komið fyrir dóminn Matthías Sveinsson, fyrrverandi sveitarstjóri Mosfellshrepps. Hann sagði, að það hefði verið hlutverk sitt að framfylgja samþykkt hreppsnefndar um að láta fjarlægja skúr frá Krossnesi í landi Hraðastaða. Hann sagði svo langt um liðið frá atburðum máls þessa, að hann myndi ekki nákvæmlega eftir atburðarrásinni, en kvaðst búast við, að hann hefði rætt við lögregluna í Mosfellshreppi svo og byggingarfulltrúa hreppsins og hreppsnefndina um skúr þennan, svo sem honum hafi borið að gera. Hann staðfesti þann framburð Skærings Haukssonar, að þeir hefðu farið til fundar við sýslumann til þess að ræða um skúra í óleyfi. Hann sagði, að fyrst og fremst hefði verið um það rætt að skrifa þeim bréf, sem hér áttu hlut að máli, og tilkynna þeim um óleyfi skúranna. Hann kvaðst ekki vilja fullyrða, hvort frekar hafi verið rætt um aðferð við að fjarlægja skúrana. Hann sagði, að það hefðu verið þó nokkrir aðiljar, sem hér áttu hlut að máli. Hann sagði, að hann myndi ekki til þess, að fleiri skúrar hefðu verið fjarlægðir en sem um getur í málinu. Hann kvaðst álíta, að hann myndi það rétt, að áður en skúrinn var fluttur upp eftir, hafi stefnandi og Guðmundur Bergsson rætt við hann á skrifstofu hans uppi í Hlégarði. Hann kvaðst þá ákveðið hafa bent þeim á að senda inn erindi til hreppsins til þess að fá leyfi fyrir mannvirkjum á landinu og láta teikningu fylgja með. Hann kvaðst ekki muna eftir því, að hann ræddi við þá, eftir að skúrarnir höfðu verið fluttir í landið. Hann kvaðst hafa bent þeim á bygg-

ingarsamþykkt Mosfellshrepps, þar sem mjög ákveðið sé fjallað um þessa hluti. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefnandi kæmi á skrifstofuna, eftir að skúrin var settur á landið. Í þinghaldinu var honum bent á þá samþykkt hreppsnefndar, að sveitarstjóra væri falið að hafa samráð við sýslumann um málið. Hann kvaðst hafa rætt við sýslumanninn í símann og gert honum grein fyrir samþykkt hreppsnefndar og hvers konar hluti þarna væri um að ræða og að þeir ætluðu að fjarlægja skúrana. Hann sagði, að sýslumaðurinn hefði ekki gert neinar athugasemdir við það. Ekki hafi legið fyrir dómsúrskurður um að fjarlægja skúrana, enda hafi verið litið svo á, að aðeins væri um einn þátt í því að þrifa til á löndum og lóðum.

Guðmundur Marínó Ingjaldsson hefur komið fyrir dóminn, og kannaðist hann við að hafa haft milligöngu um kaup skúrs fyrir Hjálmar Helgason af Sveinbirni Sigurðssyni. Sagði hann, að Hjálmar hefði átt að greiða kr. 25.000.00 fyrir skúrinn. Ekki hafi verið samið um, hvernig greiðslum yrði háttað. Hann kvaðst hafa verið búinn að vinna lengi með Sveinbirni og Sveinbjörn hafi treyst honum fyrir því, hvernig færi með þær greiðslur. Hann sagði, að Hjálmar hefði greitt kr. 10.000.00, aðrar greiðslur hefðu ekki farið um hans hendur. Hann sagði, að Sveinbjörn hefði aldrei spurt sig um frekari greiðslur. Hann kvaðst álíta, að skúrin hefði verið um 30.000.00 til 35.000.00 króna virði. Vitnið kvaðst hafa húsa-smíðaréttindi.

Þá hefur komið fyrir dóminn Guðmundur Bergsson. Hann kvaðst hafa unnið að því að flytja skúr stefnanda í fyrra sinnið upp eftir, en í síðara skiptið til á landinu og á stað nálægt því, sem hann átti að standa.

#### IV.

Tjón sitt sundurliðar stefnandi þannig, að kaupverð skúrsins hafi verið kr. 25.000.00 og kostnaður við að flytja skúrinn frá Reykjavík að Krossanesi kr. 7.065.00, eða samtals kr. 32.065.00. Að því er varðar verðmæti skúrsins, heldur stefnandi því fram, að það sé það sama og kaupverð skúrsins, en flutningskostnaður sé samkvæmt framlögðum reikningum.

Stefnandi reisir bótaskyldu stefndu á því, að hvorki hreppsnefnd Mosfellshrepps né Skæringur Hauksson lögregluþjónn hafi haft heimild til að fara inn á eignarland stefnanda og flytja þaðan á brott vinnuskúr hans, án þess að fyrir lægi um það dómsúrskurður eða samþykki stefnanda. Vitnað er til skipulagslaga nr.

19/1964, en þar segi, að meðferð mála vegna brota á þeim lögum skuli fara að hætti opinberra mála. Þá sé ákvæði um það í byggingarsamþykkt Gullbringu- og Kjósarsýslu, að byggingarfulltrúi skuli senda sýslumanni kæru vegna ætlaðra brota á byggingarsamþykktinni og hann eigi síðan að kveða upp úrskurð um það, hvort bygging skuli numin á brott, bönnuð eða rifin. Engin slík kæra hafi verið send og þar af leiðandi enginn úrskurður kveðinn upp um það, að vinnuskúrin skuldi numinn á brott. Telur stefnandi, að hér sé um valdniðslu að ræða, sem leiða eigi til skaðabótaskyldu. Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs er stefnt í málinu vegna afskipta lögregluþjónsins Skærings Haukssonar að brottnámi vinnuskúrsins. Því er haldið fram, að lögregluþjóninum hafi borið að senda yfirboðara sínum, sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, skýrslu um málið í upphafi, en ekki hreppsnefnd Mosfellshrepps, ef hann teldi stefnanda hafa gerst brotlegan við refsilöggjöfina. Á honum hvíli engin sérstök leiðbeiningarskylda gagnvart hreppsnefnd Mosfellshrepps. Þá eigi hér einnig að hafa í huga, að mál, sem varði brot á byggingarsamþykkt, séu einkarefsmál, þar sem kærandi sé einkaaðili. Þá er því haldið fram, að ekki skipti máli, hver hafi kveikt í vinnuskúr stefnanda. Hver sem var hafi haft greiðan aðgang að honum, eins og skjöl málsins beri með sér, en vinnuskúrin hafi að sjálfsögðu verið á ábyrgð stefndu, þar sem hann var niðurkominn. Er á það bent, að skaðabótaskylda stefndu sé ótvíræð, þar sem ekki eigi að vera mögulegt að svipta stefnanda eigum hans nema með eignarnámi og komi þá fullar bætur fyrir. Hér hafi ekki verið um eignarnám að ræða, heldur ólögmdæta töku, sem skaðabótaskyld sé samkvæmt almennu skaðabótareglunni.

Af hálfu Mosfellshrepps hefur því verið haldið fram, að samkvæmt skipulagslögum svo og byggingar- og lögreglusamþykktum um Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi verið óheimilt að hafa umræddan skúr á landareign stefnanda án leyfis. Stefnandi hafi auk þess fengið sérstaka aðvörun um að flytja skúrinn brott, en ekki sinnt henni. Af þessu leiði, að stefnandi eigi engan rétt á að heimta andvirði skúrs þessa úr hendi stefnda. Því er jafnframt mótmælt, að stefndi eigi sök á því, að skúr þessi hafi brunnið til kaldra kola. Slíkt óhapp, sem ekki sé upplýst um, hver sé valdur að, sé á ábyrgð stefnanda sjálfs, en ekki stefnda. Þá er því haldið fram, að þótt stefnandi hefði átt einhverjar kröfur út af skúrnum, þá væru slíkar kröfur fyrndar á fjórum árum frá 25. júlí 1967. Engu breytir, þótt stefnandi nefni kröfuna bótakröfu, þar sem hér sé aðeins um andvirði skúrsins að ræða. Enn fremur er á það bent,

að kröfuréttur stefnanda, ef til væri, ætti að vera niður fallinn fyrir aðgerðarleysi hans, þar sem hann hafi ekkert gert til að leita réttar síns frá því um haustið 1968. Þá mótmælir stefndi öllum framlögðum reikningum sem röngum og stefnanda algerlega óviðkomandi. Einnig mótmælir hann lýsingu Sveinbjarnar Sigurðssonar á skúrnum algerlega.

Af hálfu stefnda ríkissjóðs er því haldið fram, að stefnandi málsins hafi flutt umræddan skúr í landspildu sína úr landi Hraðastaða í Mosfellssveit heimildarlaust og andstætt ákvæðum skipulagslaga nr. 19/1964, byggingarsamþykktar og lögreglusamþykktar. Ljóst sé, að rétt yfirvöld, þ. e. sveitarstjórn og lögregluþjónn Mosfellshrepps, hafi fjallað um mál þetta í samræmi við reglur og venjur í slíkum tilfellum, m. a. sé stefnanda gefinn rúmur frestur til að fjarlægja skúrinn og gætt sé allra atriða, er lúti að tilkynningarskyldu. Umsókn um heimild til þess að setja skúrinn niður í landi stefnanda hafi auk þess verið synjað af hreppsnefnd og stefnanda tilkynnt sú synjun. Vörnin er reist á því, að umræddur skúr hafi verið fjarlægður á ábyrgð stefnanda og því á hans ábyrgð, er hann brann hjá öskuhaugum Mosfellshrepps.

## V.

Telja verður, að um byggingar á umræddu landsvæði stefnanda að Krossanesi í Mosfellssveit hafi gilt lög nr. 108/1945 og byggingarsamþykkt Kjósarsýslu frá 19. desember 1961. Samkvæmt 1. gr. nefndrar samþykktar tekur hún m. a. til bygginga, sem reistar eru á lóðum og lendum innan sýslunnar. Verður að telja, að umrædd samþykkt nái til skúrs þess, sem um er deilt í málinu, og breytir þar engu um, að hann var fluttur í heilu lagi í landið. Samkvæmt 8. gr. umræddrar byggingarsamþykktar bar stefnanda að senda tilkynningu til byggingarnefndar um fyrirhugaðan flutning skúrsins í landið ásamt umsókn um byggingarleyfi. Flutningur skúrsins í landið án slíks leyfis var löglaus, og braut stefnandi með því háttalagi gegn fyrirmælum 12. gr. umræddrar samþykktar. Samkvæmt 20. gr. byggingarsamþykktarinnar, sbr. 14. gr. laga nr. 108/1945, bar byggingarfulltrúa hreppsins að kæra flutninginn til lögreglustjóra og skyldi um hann fara að hætti opinberra mála. Fyrir liggur, að lögregluþjónn Mosfellshrepps, Skæringur Hauks-son, og byggingarnefnd hreppsins gerðu árangurslausar tilraunir til að fá stefnanda til að fjarlægja skúrinn úr landinu. Sveitarstjórn Mosfellshrepps fól byggingarfulltrúa hreppsins að annast brottflutninginn, og fékk hann sér til aðstoðar fyrrgreindan lög-

reglumann. Afskipti lögreglustjóra sýslunnar af framangreindu eru ekki ljós, en fyrir liggur, að enginn dómsúrskurður var kveðinn upp þar að lútandi.

Umræddur brottflutningur skúrsins af landinu án undangengins dómsúrskurðar var löglaus og andstæður ákvæðum laga nr. 82/1961, enda er ósönnuð sú fullyrðing stefndu, að skúrin hafi verið verðlaus. Hefur og ekki verið sýnt fram á, að önnur þau atvik hafi verið fyrir hendi, sem réttlættu brottflutning skúrsins með umræddum hætti. Af þessu leiðir, að stefndu, sveitarsjóður Mosfellshrepps vegna afskipta byggingarfulltrúa og ríkissjóður vegna þátttöku umrædds lögregluþjóns, verða að bera óskipta ábyrgð á því, að skúrin eyðilagðist af ókunnum atvikum, eftir að hann var fluttur úr landi stefnanda. Bótakrafa stefnanda af þessum sökum fyrnist á 10 árum samkvæmt 4. gr. laga nr. 14/1905 og er því ófyrnd. Ekki er heldur unnt að fallast á það með stefndu, að bótakrafa þessi hafi fallið niður vegna tómlætis. Eins og áður greinir, hefur stefnandi sjálfur og vitnið Guðmundur Marínó Ingjaldsson lýst því hér fyrir dómi, að stefnandi hafi keypt umræddan skúr á kr. 25.000.00. Hefur ekki verið sýnt fram á, að skúrin hafi rýrnað verulega í eigu stefnanda. Miðað við lýsingu þá, sem fyrir liggur um ástand skúrsins, telur dómurinn það verð ekki fjarri lagi. Eins og sönnunaraðstöðu er háttað í málinu, ber því að leggja þá fjárhæð til grundvallar um tjón stefnanda vegna missis skúrsins. Flutningskostnaður stefnanda á skúrnum í umrætt land verður hins vegar ekki tekinn til greina, þar sem flutningur skúrsins í landið var honum óheimill, eins og áður er greint frá.

Rétt þykir að taka vaxtakröfu stefnanda til greina, eins og hún var að lokum sett fram.

Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega metinn kr. 15.000.00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndu greiði stefnanda in solidum kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 4. nóvember 1967 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað.

Dómari máls þessa var Hrafn Bragason og meðdómendur Kristinn Sigurjónsson húsasmíðameistari og Stefán M. Stefánsson borgardómari.

Dómsorð:

Stefndu, sveitarsjóður Mosfellshrepps og fjármálaráðherra

f. h. ríkissjóðs, greiði in solidum stefnanda, Hjálmari Helgasyni, kr. 25.000.00 með 7% ársvöxtum frá 4. nóvember 1967 til greiðsludags og kr. 15.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. febrúar 1974.

Nr. 151/1972: Afl s/f

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

**Herði Felixsyni**

**og gagnsök**

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Einar Arnalds og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Skaðabótamál. Gallar á húsi. Sératkvæði í héraði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. nóvember 1972, að fengnu áfrýjunarleyfi 8. s. m. Krefst hann sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 5. janúar 1973, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. desember 1972. Hann gerir þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða kr. 48.400.00 með 7% ársvöxtum frá 15. júní 1967 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsatvikum er lýst í héraðsdómi.